

Aðalfundur aðalstjórnar UMFN, þann 16. mars 2017 kl. 19:30 í**Íþróttamiðstöð Njarðvíkur**

Mættir voru: Anna Andrésdóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Ólafur Eyjólfsson, Jenný L. Lárusdóttir og Thor Hallgrímsson úr stjórn félagsins ásamt 26 öðrum gestum.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur settur

- Kosning fundarstjóra
- Kosning fundarritara
- Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
- Ávarp formanns
- Reikningshald aðalstjórnar og deilda, vegna ársins 2016, lagt fram til samþykktar
- Lagabreytingar

2. heiðursviðurkenningar

3. Ávarp gesta

4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda

- a. Kosinn formaður
- b. Kosnir 2 stjórnarmenn til tveggja ára
- c. Kosnir 2 stjórnarmenn til eins árs
- d. Kosnir 2 varamenn
- e. Kosnir 2 skoðunarmenn og einn til vara

5. Önnur mál

6. Fundarslit

1. Ólafur Eyjólfsson setur fundinn og stingur upp á Böðvari Jónssyni sem fundarstjóra, það er samþykkt samhljóða.

Böðvar þakkar fyrir þann heiður sem honum er sýndur að vera beðinn um að vera

fundarstjóri. Hann býður velkomna sérstaka gesti fundarins. Hann fer yfir hvar og hvenær fundurinn var auglýstur og lýsir í framhaldi af því fundinn löglegan. Næst fer hann yfir dagskrá fundarins. Hann óskar eftir því að lið þrjú í dagskránni verði flýtt þannig að hann verði liður númer tvö og öfugt, engar athugasemdir eru gerðar við því.

Böðvar leggur til að Anna Andrésdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða.

Fundargerð síðasta aðalfundar er lögð fram og samþykkt samhljóða.

Ólafur formaður ávarpar fundinn. Hann fer stuttlega yfir starf ársins 2016. Það stendur upp úr hversu mörg ungmenni frá UMFN hafa verið valin í landsliðskeppnir eða 17 alls. Hann minnst á gott yngri flokka starf, þar skiptir máli að hafa góða þjálfara og að forráðamenn styðji vel við bakið á börnum sínum, einnig eru áhorfendur mikilvægir þáttur og skiptir þá máli að vera með jákvæða hvatningu.

Massi hélt alþjóðlegt Evrópumót í bekkpressu sem heppnaðist mjög vel og hlutu þau mikið lof fyrir framkvæmd keppinnar. Vinavika UMFN gekk vel, en hún fellst í því að allir krakkar mega mæta á æfingu eina tiltekna viku og svo er skemmtun í íþróttahúsinu. Á skemmtuninni kom fram Jón Jónsson sem heillaði alla, bæði börn og fullorðna.

Í ár var áttunda árið sem Sport- og ævintýraskólinn var haldinn. Helsti tilgangur hans er að auka fjölbreytni í afþreyingu fyrir börn í bænum. Mjög góð aðsókn hefur verið í skólann en 86 iðkenndur tóku þátt í ár.

Þorrablótið var haldið í Ljónagryfjunni sjötta árið í röð. Það krefst mikils undirbúnings sem þorrablótsnefndin leysti af hendi með miklum sóma. Félagsmenn frá öllum deildum taka einnig mikinn þátt í uppsetningu salarins og öðrum undirbúningi.

Fertugasti samráðsfundur UMFÍ var haldinn að Laugum í Sælingsdal en þar var Ólafur Eyjólfsson fulltrúi UMFN. Á fundinum var meðal annars kynnt ný stefna

UMFÍ „Samfélaginu til góða”.

Stofnuð hefur verið nefnd til að fjalla um framtíðarsýn félagsins, fyrsti fundur nefndarinnar var í janúar á þessu ári. Það er mikið ánægjuefni að nefndin skuli vera byrjuð á þessu mikla verkefni, sérstaklega í ljósi þess að Íþróttta- og tólmstundaráð Reykjanesbæjar í samstarfi við ÍRB er búin að kalla eftir stefnumótun aðildarféлага ÍRB.

Að lokum þakkaði Ólafur fyrir góða aðalfundi deilda og það mikla sjálfboðaliðastarf sem unnið er í þágu UMFN.

Gunnar Þórarinnsson kemur í pontu og fer yfir ársreikning félagsins. Hann talar um að staða félagsins sé mjög góð. Hann býður fundargestum að spyrja út í ársreikninginn eða koma með fyrirspurnir.

Böðvar býður fundargestum að taka til máls varðandi ársskýrsluna eða ársreikningana.

Gunnar Þórarinnsson spyr hvort komnar séu einhverjar hugmyndir hjá nefndinni um hvar nýtt íþróttahús eigi að vera, þar sem gott sé að skoða þetta í tíma og undirbúa vel.

Ólafur formaður svarar spurningunni: Nefndin er búin að halda einn fund, það eru skiptar skoðanir um hvar væri best að staðsetja nýtt hús. Rætt hefur verið um að staðsetja íþróttahús við fótboltavöllinn en það þarf líka að vera æfingaaðstaða í hinum hverfunum. Verið er að athuga hvernig skipulag bæjarins er, hvor von sé á fótboltavelli í Innri Njarðvík og annað slíkt. Stórt bílastæði er við fótboltavöllinn við Afreksbraut. Þetta eru bara hugmyndir í augnablikinu og hvetur hann fólk til koma fram með hugmyndir ef einhverjar eru. Tillögur verða lagðar fram til Ingigerðar hjá ÍRB í vor.

Ársreikningur UMFN er samþykktur samhljóða.

Lagabreytingar lagðar fram fyrir fundinn en lagabreytingarnar voru kynntar með fundarboðinu.

Lagt er til að 8. liður 8. greinar laga UMFN um tilnefningu íþróttamanns Ungmennafélags Njarðvíkur á aðalfundi félagsins verði felldur niður þar sem að nú er orðin til sérstök athöfn fyrir það tilefni um áramótin.

Hins vegar er lögð til breyting á kosningu stjórnar, lagagreinin var svohljóðandi Kosning;

- a. Kosinn formaður
- b. Kosnir 2 stjórnarmenn til tveggja ára
- c. Kosnir 2 stjórnarmenn til eins árs
- d. Kosnir 2 varamenn
- e. Kosnir 2 skoðunarmenn og einn til vara

Verður:

Kosning;

- a. Kosinn formaður til eins árs
- b. Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára
- c. Kosnir tveir menn í varastjórn til eins árs
- d. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara

Báðar lagabreytingarnar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

2. Sigríður Jónsdóttir ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ og jafnframt formaður þróunar – og fræðsluviðs ÍSÍ kemur í pontu. Það er ekki venja að fulltrúi frá ÍSÍ komi á aðalfundi hjá aðildarfélögum en hún er hér stödd til að veita júdódeildinni viðurkenningu fyrir að vera fyrirmyndafélag innan ÍSÍ.

Fyrir tuttugu árum síðan var sett saman nefnd innan ÍSÍ til að setja fram tillögur um hvernig hægt væri að veita gæðaviðurkenningar fyrir íþróttastarf. Árið 2002 var send út handbók þar sem farið var yfir hvaða vönduðu vinnubrögð íþróttafélög þyrftu að uppfylla til að geta kallast fyrirmyndafélag. Þar er meðal annars talað um umgjörð, þjálfunarmál, fjármál, umhverfismál, foreldrastarf og fleira. Fyrirmyndafélög þurfa að gera handbók um starfið. Hún talar um góða þátttöku barna og unglinga í skipulögðu íþróttastarfi á Íslandi og að við stöndum frammar en margar aðrar þjóðir, sem skilar sér í góðum afreksíþróttamönnum.

Júðódeildin fékk viðurkenningu árið 2012 en hún er veitt til fjögurra ára, félögin þurfa að skila inn handbók til að endurnýja. Viðar Sigurjónsson á Akureyri heldur utan um fyrirmyndafélögin. Að vera fyrirmyndarfélag krefst þess meðal annars að vera með betra skipulag milli aldurstiga. Sveitarfélög veita oft auka styrk ef um fyrirmyndafélag er að ræða. Guðrún Bjarnadóttir formaður júðódeildarinnar veitir viðtöku viðurkenningu um að júðódeildin sé fyrirmyndafélag ÍSÍ, auk þess fær Guðrún afhentan fána með merki fyrirmyndafélags ÍSÍ.

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdarstjóri UMFÍ kemur í pontu, hún flytur kveðju frá Hauki Valtýssyni formanni UMFÍ og öðru starfsfólki. Hún minnst á nýsamþykka stefnu UMFÍ, “Samfélaginu til góða”, en þar er fjallað um hvað sé hægt að gera samfélaginu til góða og hvernig hægt sé að gera það. Aukin samvinna hefur skilað góðum árangri. Verkefnið „Sýnum karakter“ hefur skilað góðum árangri en þar er fjallað um að einblína ekki bara á líkamlegar æfingar heldur huga að andlegum og félagslegum þáttum líka.

Tölvukerfið Felix 2 er komið út, en þar er bætt skráning í boði. Hún minnst á Unglingalandsmót og Landsmót 50+. Félagið er hvatt til að sækja um styrki til UMFÍ. Sérstök áhersla er lögð á verkefnið Evrópa unga fólksins, en það eru styrkir sem eru ætlaðir til æskulýðsstarfa innan Evrópu

Auður Inga afhendir að lokum starfsmerki UMFÍ og eru það Kristinn Pálsson og Þórunn Friðriksdóttir sem hljóta þá viðurkenningu.

3. Eftirfarandi aðilum er veitt;

Bronsmerki fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið

- Sævar Ágústsson, körfuknattleiksdeild
- Svanur Þorsteinsson, knattsp.deild (veitt á aðalfundi knð)

Silfurmerki fyrir 15 ára starf eða keppni fyrir félagið

- Agnar Mar Gunnarsson, körfuknattleiksdeild
- Bylgja Sverrisdóttir, körfuknattleiksdeild
- Helgi Helgason, körfuknattleiksdeild

Gullmerki fyrir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið

- Hafsteinn Hilmarsson, körfuknattleiksdeild

Ólafur Thordersen kemur í pontu til að afhenda Ólafsbikarinn. Hann talar um hvað það sé ánægjulegt að margir sem hafa fengið bikarinn eru ennþá að starfa fyrir félagið. Nýr bikar er tekinn í notkun í ár þar sem ekki var hægt að koma fleiri nöfnum fyrir á þeim gamla. Ólafur Thordersen gefur félaginu gamla bikarinn. Í ár hlýtur Bjarni Sæmundsson bikarinn fyrir langt og gott starf innan knattspyrnudeildarinnar

4. Kosningar;

- Ólafur Eyjólfsson býður sig fram til formanns og er kosinn samhljóða
- Einara Kristjánsdóttir og Jenný L. Lárusdóttir bjóða sig fram til tveggja ára stjórnarsetu og eru kosnar samhljóða.
- Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir og Thor Hallgrímsson bjóða sig fram til varamanna stjórnar og eru kosin samhljóða.

- d. Kristín Örlygsdóttir og Valpór Söring bjóða sig fram sem skoðunarmenn reikninga og Ingigerður Sæmundsdóttir til vara og eru þau öll kosin samhljóða

5. Böðvar býður fundargestum að taka til máls.

Bjarni Sæmundsson kemur í pontu, hann þakkar fyrir afhendingu Ólafsbikarsins, hann er mjög þakklátur fyrir þann heiður sem honum er sýndur

6. Ólafur Eyjólfsson óskar heiðursviðurkenningarhöfum til hamingju og þakkar fyrir góðan fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:07.

